

Fundargerð

22. stjórnarfundur FHA haldinn 28. mars, 2011 kl. 14:15

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson, (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Kristín Þórarinsdóttir (KP), Páll Björnsson (PB) og Hjördís Sigursteinsdóttir (HS).

Dagskrá:

1. Málefni aðjúnkta við HA

Helgi sagði frá fundi sem við fórum á hjá rektor og hvernig vinnuaðferðum rektor beitir til þess að skoða stöðuna í hlutlausu ljósi. Jafnframt sagði hann okkur hvernig framhaldið verði á þessu máli. Helgi mun í framhaldinu tala við deildarforseta og fá þeirra sýn á það hvernig þeir munu taka á málinu því það virðist ekki vera samræmi þarna á milli.

2. Opinn fundur

Tillaga að dagsetningu er föstudagurinn 1. apríl n.k. Þar sem sú dagsetning virðist ekki henta nógu vel þá var ákveðið að skoða mánudaginn 4. apríl, hvort að hann gengi upp, ef ekki þá verður föstudagurinn fyrir valinu.

Upplegg fundarins er: vinnumatssjóður HA og ársmatssjóður HA. Helgi mun segja frá þessum tveimur sjóðurm. Baldvin Zahario frá FH mun segja frá vinnumatssjóðnum hjá HÍ og Jörundur Guðmundsson frá ársmatssjóðnum hjá HÍ. Samþykkt var að bjóða öllum félagsmönnum í mat, þ.e. fá sér að borða í mötuneytinu áður en komið er á fundinn. Fundurinn mun byrja kl. 12.30 og vera í stofu N102.

Ákveðið var að stjórn og samninganefnd FHA myndi einnig gefa sér tíma í að ræða við Baldvin og Jörund en þeir sitja báðir í stjórn FH.

Ákveðið var að Hjördís myndi kanna hvernig hægt er að senda fjölpósta á félagsmenn frá netfanginu okkar fha@fha.is.

3. Ellilífeyrisþegar

Hjördís sagði frá þeim upplýsingum sem hún hefur safnað varðandi stöðu ellilífeyrisþega í sambærilegum stéttarfélögum. Hjá FH eiga ellilífeyrisþegar engin réttindi þar inni en hins hver sér félagið um að tryggja að ellilífeyrir þeirra hækki í takt við hækkanir félagsmanna. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra FH þá hefur enginn óskað eftir því að vera áfram í félaginu eftir að starfsævinni lýkur. Hjúkrunarfræðingar hafa heiðursfélag og Prófessorar eitthva þar sambærilegt.

Spurningin er sú hvað er það sem ellilífeyrisþegar eru að sækjast eftir í okkar félagi. Það eina sem þeir gætu fengið með aðild er þá aðild að námssjóðnum okkar.

4. Önnur mál

- a. Helgi ítrekaði það að hann mun hætta öllu starfi fyrir FHA á næsta aðalfundi og felur stjórn að finna eftirmann fyrir sig.
- b. Styrkumsóknir. Fyrir fundinum lágu þrjár beiðnir í námssjóðinn og voru þær allar samþykktar.

- c. Gæðaráð. Stjórn FHA fer fram á það við gæðastjóra ða það séu tveir fulltrúar starfsmanna á gæðaráðsfundum, annar akademískur og hinn frá öðru starfsfólki.
- d. Rætt um efni sem akademikarar senda frá sér, höfundarétti og greiðslum.

Fundi slitið kl. 15.30